

Nr. 1104

10. desember 2015

AUGLÝSING um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

Vegamótastígur 7 og 9. Áður auglýst breyting á deiliskipulagi Vegamótastígs 7 og 9 í auglýsingu nr. 1047/2015 fellur brott.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarstjórn Reykjavíkur þann 17. nóvember 2015 breytingu á deiliskipulagi reits 1.171.5 vegna lóðanna nr. 7 og 9 við Vegamótastíg. Í breytingunni felst m.a. að hætt er við að endurreisa gamla steinbæinn á þaki nýbyggingar og hætt er við að fára gamla húsið á Vegamótastíg 9 upp á þak o.fl. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Sigtún 38 og 40, Sigtúnsreitur.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 5. nóvember 2015, breytingu á deiliskipulagi lóðanna nr. 38 og 40 við Sigtún. Í breytingunni felst að lóð nr. 38 er stækkuð og heimiluð er aukin uppbygging hótel á henni og lóð nr. 40 er minnkuð og heimiluð er uppbygging íbúðarhúsa í sex byggingum á henni í stað gróðurskála. Skrifsaðir eru nýir sérskilmálar fyrir báðar lóðirnar miðað við breytta uppbyggingu. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Tangabryggja 18-24.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, samþykkti umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkur með vísan til 2. ml. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þann 9. desember 2015, breytingu á á skilmálum deiliskipulags Bryggjuhverfis vegna lóðarinna nr. 18-24 við Tangabryggju. Í breytingunni felst breyting á stærðarsamsetningu íbúða í húsinu. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkurborgar, 10. desember 2015.

Björn Axelsson.

B-deild – Útgáfud.: 11. desember 2015